

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, reitur M2 á miðsvæði Flúða – Gröf og Laxárhlið.*

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu er varðar byggingarskilmála innan lóða Birkihlíðar 12-16 og 8-10 innan Grafarhverfis að Flúðum. Í breytingunni felst að á lóð Birkihlíðar 12-16 verði heimilt að byggja 4-6 íbúðir í stað 3-4 íbúða og nýtingarhlutfalli lóðarinnar Birkihlíðar 8-10 er breytt úr 0,4 í 0,45.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. júní 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. september 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. október 2023